

Reykjavík, september 2011

Ágætu foreldrar

Sendi ykkur nokkrar línur um hvernig hlutunum er háttað í kringum skráningarblöð fyrir langa daga hjá okkur.

Reglur varðandi skráningablöð

1. Skráningarblöð eru send í gegnum tölvupóst til foreldra og geta foreldrar sent þau til baka, **útfyllt**, í tölvupósti.
2. Skráningarblöð eru send heim í töskupósti með börnunum.
3. Hægt er að nálgast eyðublaðið á vefsíðunni okkar www.gufunes.is/tigrisbaer undir Á döfinni
4. Daginn fyrir síðasta skiladag fá foreldrar sendan tölvupóst til að minna á að skráningu er að ljúka.
5. Óskráð barn getur ekki mætt til okkar
6. Við getum ekki tekið á móti skráningarblaði eftir að skráningu lýkur.

Vinsamlegast athugið að **ekki** verður farið í töskur barnanna til að athuga með skráningarblöð nema foreldrar hringi/sendi tölvupóst/sendi sms og biðji sérstaklega um það. Netfangið okkar er tigrisbaer@itr.is og símarnir eru 587-2406 og 695-5196

Kær kveðja,
Starfsfólk Tígrisbæjar